



Fundargerð

**521. fundur sveitarstjórnar Skaftárhrepps
haldinn í fundaraðstöðu sveitarfélagsins, Klausturvegi 4,
föstudaginn 18. júlí 2025.**

Fundinn sátu:

Jóhannes Gissurarson, Björn Helgi Snorrason, Gunnar Pétur Sigmarsson, Auður Guðbjörnsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Bergur Sigfússon, Sveinn Hreiðar Jensson og Einar Kristján Jónsson.

Fundargerð ritaði: Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn klukkan 13.00.

Fundargerðir:

1. 2507011 - Byggingarnefnd Skaftárhrepps
Lögð fram til kynningar, fundargerð 5. fundar Byggingarnefndar Skaftárhrepps frá 30. apríl 2025.

2. 2507012 - Byggingarnefnd Skaftárhrepps
Lögð fram til kynningar, fundargerð 6. fundar Byggingarnefndar Skaftárhrepps frá 30. maí 2025.

3. 2507006 - Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
Lögð fram til kynningar, fundargerð 245. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands frá 20. júní 2025.

Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

4. 2504018 - Erindi frá oddvita

Lagt fram svar við fyrirspurn vegna Hæðargarðs.

Sveitarstjóri lagði fram skriflegt svar við fyrirspurn oddvita frá 518. fundi sveitarstjórnar Skaftárhrepps. Svarið er hluti af fyrirspurn oddvita og fjallar það um Hæðargarð. Spurði oddviti meðal annars um eftirsarandi: Hver er áfallinn kostnaður Skaftárhrepps vegna þess skipulags sem fyrirhugað var á landi Hæðargarðs, aðal- og deiliskipulagsbreytingar? Eftir upplýsingum um samninga við landeigendur eða aðra aðila vegna verkefnisins sem liggja í skjalasafni sveitarfélagsins.

BHS
Shi. J.S.
1655 GES
BS



Yfirlýsing kjörins fulltrúa – vanhæfi og athugasemd við birtingu gagna Fundarstjóri,

Ég lýsi því hér með yfir að ég vík af fundi sveitarstjórnar Skaftárhrepps undir umfjöllun dagskráliðar 4, málsnúmer 2504018 – erindi frá oddvita, er varðar Hæðargarð og skipulagsvinnu þar að lútandi, á grundvelli 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 4. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Ég gegni stöðu framkvæmdastjóra Fasteignafélagsins Skerjavalla ehf., sem nefnt er í fundargögnum, og tel mig því vanhæfan til setu, umræðu og afgreiðslu þessa máls.

Jafnframt vil ég koma því á framfæri að í fundargögnum fyrir þennan lið er að finna minnisblað frá sveitarstjóra þar sem vísað er til eignaskráningar félagsins og ætlaðra áhrifa þeirra á tekjur sveitarfélagsins, án þess að formlegt stjórnsýslumál hafi verið til meðferðar eða að fyrir liggi niðurstaða stjórnvalds.

Hér er ekki um að ræða meðferð máls samkvæmt stjórnsýslulögum, heldur einhliða og opinbera umfjöllun um einkahlutafélag sem tengist kjörnum fulltrúa. Prátt fyrir að um lögaðila sé að ræða, er ljóst að umfjöllunin hefur verið sett fram í tengslum við persónu mína í pólitísku samhengi.

Minnisblaðið inniheldur rangfærslur og aðróttanir sem rýra traust og trúverðugleika, og mun ég koma á framfæri ítarlegu minnisblaði með andsvörum síðar og óska eftir að það verði tekið fyrir og birt.

Þar sem ég hef lýst vanhæfi til setu og ekki átt þess kost að svara eða andmæla viðkomandi umfjöllun á fundinum, áskil ég mér rétt til að leita réttar míns að fundi loknum, meðal annars með kæru eða kvörtun til Persónuverndar, Sambands íslenskra sveitarfélaga og/eða Innviðaráðuneytisins.

Ég óska þess að þessi yfirlýsing verði lögð fram skriflega og skráð sem hluti af fundargögnum.

Sveinn H. Jensson, fulltrúi XD og óháðra

Fulltrúi XD og óháðra lýsir því yfir að hann víkur af fundi sveitarstjórnar Skaftárhrepps við umfjöllun og afgreiðslu dagskráliðar 4 á 521. fundi sveitarstjórnar, með visan til 20. gr. sveitarstjórnarlaga og 4. gr. stjórnsýslulaga, þar sem undirritaður gegnir stöðu framkvæmdastjóra einkahlutafélags sem nefnt er í tengslum við umrætt mál.

Í fundargögnum sem liggja fyrir eru settar fram fullyrðingar og ávirðingar varðandi skráningu eigna félagsins, án formlegrar málsmeðferðar eða stjórnsýsluákvörðunar. Undirritaður telur að slík framsetning – sem tengist jafnframt persónu kjörins fulltrúa í pólitísku samhengi – brjóti gegn vönduðum stjórnsýsluháttum.

Minnisblaðið inniheldur jafnframt rangfærslur og aðróttanir sem rýra traust og trúverðugleika kjörins fulltrúa. Undirritaður mun koma á framfæri ítarlegu

BHS
SRI BS
1656 GS J.G.



minnisblaði með andsvörum fyrir næsta sveitarstjórnarfund og óska eftir að það verði tekið fyrir og birt.

Telji undirritaður að réttindi hans sem kjörins fulltrúa hafi verið skert, áskilur hann sér rétt til að leita réttar síns utan fundar.

Sveinn H. Jensson, fulltrúi XD og óháðra

Sveinn H. Jensson, vék af fundi undir þessum lið.

5. 2507001 - Sumarfrí skrifstofu

Oddviti lagði til að skrifstofa sveitarfélagsins yrði lokuð vegna sumarleyfa eftirfarandi daga: 21. júlí til og með 29. júlí og frá 5. ágúst til og með 8. ágúst næstkomandi. Tillaga oddvita samþykkt í einu hljóði.

6. 2507002 - Daggjöld í afrétti 2025

Oddviti lagði til að daggjöld á afrétti árið 2025 verði 20.738 krónur. Miðað yrði við sömu upphæð vegna smölunar heimalanda þegar greiða þarf smölun á kostnað landeigenda. Daggjöld árið 2024 voru 20.002 krónur. Undanfarin ár hafa daggjöld verið framreknuð miðað við vísitölu neysluverðs. Vísitala neysluverðs í júlí 2024 var 633,2 stig en var í júní 2025 656,5 stig. Tillaga oddvita samþykkt í einu hljóði.

7. 2507003 - Starfsmannamál

Sveitarstjóri og Bergur Sigfússon, gerðu grein fyrir málinu. Sveitarstjórn samþykkir í einu hljóði að auglýsa sem eitt starf iþróttar- og æskulýðsfulltrúa og yfirmann iþróttamannvirkja Skaftárhrepps.

8. 2506035 - Trúnaðarmál

Niðurstaðan færð í trúnaðarbók sveitarfélagsins.

9. 2507005 - Vegagerðin

Niðurstaða umsóknar um styrkvegi

Sveitarstjóri greindi frá því að sveitarfélagið hefði fengið 3.300.000 króna fjárveitingu til styrkvega árið 2025.

BHS BS
SNS JG
1657 BES JG



10. 2507008 - Sýslumaðurinn á Suðurlandi

Lagt fram erindi frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 4. mars 2025, umsagnarbeiðni vegna gistileyfis Hrísnæs ehf.. Sótt er um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II-C minna gistiheimili. Staðsetning gististaðarins er Stóratorfa 1.

Sveitarstjórn samþykkir í einu hljóði, veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.

11. 2507009 - Sýslumaðurinn á Suðurlandi

Lagt fram erindi frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 7. júlí 2025, umsagnarbeiðni vegna tækifærисleyfis Mörtungu slf. Sótt er um leyfi til að halda tónleika hjá Iceland Bike Farm, Mörtungu 2, 13. júlí 2025 frá klukkan 20:00 til 22:00.

Sveitarstjórn samþykkti í einu hljóði veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með rafrænum hætti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.

12. 2507010 - Sýslumaðurinn á Suðurlandi

Lagt fram erindi frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 7. júlí 2025, umsagnarbeiðni vegna breytinga á veitingaleyfi Sysstrakaffis ehf.. Sótt er um leyfi til að breyta veitingatíma frá 06:00 til 23:00 í 06:00 til 02:00 alla daga. Staðsetning veitingastaðar er Klausturvegur 13.

Sveitarstjórn samþykkir í einu hljóði veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.

13. 2506030 - Ársreikningur 2024 síðari umræða.

Sveitarstjóri, gerði grein fyrir ársreikningum sveitarfélagsins fyrir árið 2024. Jafnframt var lögð fram endurskoðunarskýrsla KPMG. Sveitarstjórn Skaftárhrepps, samþykkir í einu hljóði ársreikning fyrir árið 2024. Reikningurinn var síðan undirritaður.

Eftirfarandi bókun var lögð fram af meirihluta sveitarstjórnar: Ársreikningur Skaftárhrepps er settur fram samkvæmt reiknisskilum sveitarfélaga og samanstendur af A-hluta og B-hluta. Í A-hluta flokkast þær rekstrareiningar sveitarfélagsins sem eru fjármagnaðar að hluta eða öllu leyti með skatttekjum. Til A-hluta teljast Aðalsjóður og Eignarsjóður. Í B-hluta flokkast þær rekstrareiningar, stofnanir og fyrirtæki sem eru fjárhagslega sjálfstæð en rekstur þeirra er að mestu fjármagnaður með þjónustutekjum. Til B-hluta teljast svo sem, Skaftárljós, fráveita, leiguðbúðir og félagslegar íbúðir.

BHS BS
SRI GS JS
1658 GS JS



Rekstrarniðurstaða samstæðu Skaftárhrepps fyrir afskriftir og fjármagnsliði var jákvæð um 53.333.000 krónur. Rekstrartekjur voru 1.217.418.000 krónur og rekstrargjöld 1.164.085.000 krónur. Rekstrarniðurstaða samstæðunnar eftir afskriftir og fjármagnsliði var neikvæð um 13.392.000 krónur. Samkvæmt yfirliti um sjóðstreymi nam veltufé frá rekstri samstæðunnar um 42.838.000 krónur. Fjárfestingahreyfingar voru neikvæðar um 160.571.000 krónur og fjármögnumnarhreyfingar sem voru jákvæðar um 135.429.000 krónur. Afborganir langtímalána námu um 27.347.000 krónur, en ný lán voru 100.000.000 krónur. Handbært fé samstæðunnar lækkaði um 43.965.000 krónur á árinu 2024, handbært fé var í árslok 39.647.000.

Skuldaviðmið A og B hluta, skv. reglugerð nr. 502/2012 er 36%. Miðað er við að þetta hlutfall sé ekki hærra en 150%. Eigið fé sveitarfélagsins eru 1.311.792.000 kr. og langtímaskuldir A og B hluta eru kr. 489.758.000. Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum (viðhald eigna) á árinu 2024 voru kr. 148.917.000. Þar af í A-hluta 138.430.000. Stærstu einstöku fjárfestingingarnar voru í viðhaldsverkefni á húsnæði grunnskólans eða kr. 72.504.000, Kirkjuhvoll kr. 13.769.000, kaup á liðléttingi kr. 10.815.000 og skólalóð kr. 19.936.000.

Nú við síðari umræðu um ársreikning Skaftárhrepps árið 2024 vill meirihluti sveitarstjórnar vekja athygli á sterkri stöðu sveitarsjóðs, þrátt fyrir að niðurstaða ársins 2024 gæti vera hagfeldhari. Fyrir þeirri niðurstöðu liggja nokkrar ástæður sem vert er að gera betur skil. Styrking innviða og efling samfélagsins var og er ein af megináherslum ö-listans á kjörtímabilinu. Það á ekki hvað síst við þegar kemur að málefnum sem tengjast skólastofnunum sveitarfélagsins og menntun barnanna, ásamt málefnum æskulýðs og íþróttar.

Á síðasta ári var fram haldið umfangsmíklum og löngu tímabærum endurbótum á húsnæði Kirkjubæjarskóla. Endurbótum og breytingum sem ekki er, frekar en annars staðar, fyrir fram hægt að sjá hvað muni endanlega kosta. Þá var einnig ráðist í sameiningu skólastofnananna, þ.e. leik og grunnskólans með það að markmiði að styrkja innra starf þeirra beggja, til lengri tíma litið. Einigur urðu nokkru meiri útgjöld tengd æskulýðs og íþróttamálum sem rekja má að mestu leiti beint til aukinnar þjónustu við íbúa sveitarfélagsins.

Enn fremur er rétt að geta þess að sveitarfélagið fjárfesti á árinu 2024 í sjö einingum íbúðarhúsnæðis á Kirkjubæjarklaustri, ásamt Brák íbúðafélagi. Var hlutur Skaftárhrepps í þeirri fjárfestingu rétt um 39. milljónir króna.

Að mati fulltrúa ö-lista í sveitarstjórn er fjárhagsstaða sveitarfélagsins sterk. Eins og áður hefur komið fram er skuldaviðmið langt frá öllum hættumörkum. Fjárfestingar undanfarin tvö ár hafa í öllu verið hugsaðar með bættan hag samfélagsins í huga og þá ekki hvað síst upprennandi kynslóða.



Meirihluti sveitarstjórnar þakkar starfsfólki sveitarfélagsins, sem og endurskoðendum fyrir góða vinnu við uppgjör ársins og brýnir alla viðkomandi aðila til þess að vanda til verka hvað varðar fjárhagslega stjórн sveitarfélagsins.

Fulltrúi XD og óháðra lagði fram eftirfarandi bókun:

Fulltrúi XD og óháðra samþykkir ársreikning Skaftárhrepps með fyrirvara, þar sem ítrekuð frávik frá 2. mgr. 63. gr. sveitarstjórnarlaga eru staðfest í stjórnsýslu- og endurskoðunarskýrslum KPMG. Útgjöld hafa ítrekað verið innt af hendi án viðauka, og án þess að afstaða hafi verið tekin til athugasemda eða boðaðar úrbætur.

Fulltrúi XD og óháðra lagði fram formlega bókun vegna þessa við afgreiðslu ársreiknings 2023 og hef ég jafnframt ítrekað kallað eftir mánaðarlegum yfirlitum, lagt fram fyrirspurnir varðandi viðauka og eftirlit, bæði skriflega og munnlega, án árangurs.

Ég tel rétt að málið verði sent innviðaráðuneytinu með beiðni um að ráðuneytið nýti eftirlitsheimildir sínar samkvæmt sveitarstjórnarlögum, sérstaklega 109. gr., til að tryggja að lögþundið verklag sé virt og ábyrgð dregin fram. Jafnframt að meirihluti sveitarstjórnar geri tafarlausar umbætur á fjármálastjórn og verklagi

Sveinn H. Jensson

14. 2507013 - Endurskoðunarskýsla vegna 2024

Endurskoðunarskýsla KPMG vegna ársins 2024 var lögð fram í dagskrálið 13.

15. 2507007 - Stjórnsýsluskoðun Skaftárhrepps 2024

Lögð fram skýrsla um stjórnsýsluskoðun Skaftárhrepps vegna ársins 2024.

Fulltrúi XD og óháðra lagði fram eftirfarandi bókun:

Fulltrúi XD og óháðra gerir alvarlega athugasemd við afgreiðslu á skýrslu KPMG um stjórnsýslu Skaftárhrepps, dagsett 2. júlí 2025. Í skýrslunni er sérstaklega tekið fram að sveitarfélagið hafi brotið gegn 2. mgr. 63. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 með því að samþykka ekki viðauka við fjárhagsáætlun áður en útgjöld voru innt af hendi. Um er að ræða skýrt brot á lögum er varðar fjármál sveitarfélaga.

Það vekur sérstaka athygli að sambærileg aðfinnsla var gerð árið 2023 án þess að gripið hafi verið til formlegra viðbragða eða úrbóta af hálfu meirihluta sveitarstjórnar. Prátt fyrir skýrar athugasemdir KPMG hefur ekki verið sýnt fram á að sveitarfélagið hafi tekið afstöðu til alvarleikans eða boðað nauðsynlegar lagfæringer á verklagi.

BHS
SÍN BS
GEI JS
1660



Fulltrúi XD og óháðra telur slíkt viðbragðsleysi óásættanlegt og telur rétt að málið verði tilkynnt innviðaráðuneytinu, með beiðni um að ráðuneytið nýti eftirlitsheimildir sínar samkvæmt sveitarstjórnarlögum, sérstaklega 109. gr., til að tryggja að lögbundið verklag sé virt og ábyrgð dregin fram.

Markmið með slíkri tilkynningu er að efsl traust og ábyrgð í stjórnsýslu Skaftárhrepps. Jafnframt er mikilvægt að slik meðferð máls geti orðið nýrri sveitarstjórn og stjórnendum til leiðbeiningar um hvað felst í ábyrgð og vandaðri stjórnsýslu, bæði hvað varðar fjárhagslegt aðhald, gagnsæi og virðingu fyrir lögbundnu ferli.

Sveinn H. Jensson

16. 2507004 - Lagt fram minnisblað vegna bókunar

Oddviti lagði fram minnisblað frá sveitarstjóra sem innihélt meðal annars svör við framlögðum spurningum frá fulltrúa minnihluta frá síðasta fundi sveitarstjórnar.

Fulltrúi XD og óháðra gerir athugasemd við að í minnisblaði sveitarstjóra dags. 16. júlí 2025 skuli lögmæt bókun kjörins fulltrúa vera dregin í efa með formrökum, í stað þess að fylla efnislega um spurningar sem snúa að rekstrarfrávikum og framkvæmd fjárhagsáætlunar. Slík viðbrögð samræmast ekki upplýsingaskyldu sveitarstjóra gagnvart sveitarstjórn, sérstaklega í tengslum við ársreikninga og eftirlit samkvæmt 61. gr. sveitarstjórnarlaga.

Undirritaður áskilur sér rétt til að kalla eftir frekari upplýsingum og aðkomu Innviðaráðuneytisins ef ekki fást viðunandi svör við framkomnum spurningum.

Sveinn H. Jensson, fulltrúi XD og óháðra.

Fleira ekki gert,
fundi slitið kl. 15:46.

Johannes Gissurarson
Johannes Gissurarson

Gunnar P. Sigmarsson
Gunnar Pétur Sigmarsson

Sveinn H. Jensson
Sveinn Hreiðar Jensson

Björn Helgi Snorrason
Björn Helgi Snorrason

Bergur Sigfusson
Bergur Sigfusson